Lindaskóli
Vinátta – Virðing - Viska

Innra mat Lindaskóla

Skólaárið 2018-2019

Matsteymi Lindaskóla
Desember 2019

Efnisyfirlit

Inngangur 5
1. Matsteymi 5
2. Aðferðir og framkvæmd innra mats Lindaskóla 6
2.1 Viðmið um árangur 7
3. Umbótavinna skólaárið 2018-2019 8
3.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti. 8
3.2 Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri 8
3.3 Símenntun kennara 9
3.4. Upplýsingamiðlun til foreldra 9
4. Niðurstöður Skólapúlsins 2018-2019 10
4.1 Nemendakönnun 11
4.2 Foreldrakönnun 12
5. Árangur náms 14
5.1 Samræmd könnunarpróf 14
5.2 Lesferill - lestrarþjálfun 18
5.4 Tengslakannanir 19
5.6 Einstaklingsviðtöl á unglingastigi 20
5.5 Starfsmannasamtöl 20
6. Umbótaáætlun 21
6.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti 22
6.2 Ánægja nemenda af lestri 23
6.3 Foreldrasamstarf 24
6.4 Heimastuðningur 26
Lokaorð 27
Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2018-2019. Helstu niðurstöður 30
1. Virkni nemenda í skólanum 30
2. Líðan og heilsa 30
3. Skóla- og bekkjarandi 31
Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun 2018-2019. Helstu niðurstöður 32
1. Nám og kennsla 32
2. Velferð nemenda 32
3. Aðstaða og þjónusta 33
4. Foreldrasamstarf 34

5. Heimastuðningur 34
Fylgiskjal 3: Umbótaáætlun Lindaskóla skólaárið 2018-2019 35
Velferð nemenda, líðan, einelti 35
Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri 36
Foreldrasamstarf 37
Heimastuðningur 38

Inngangur

Lindaskóli tók til starfa 1. september 1997 og er því að hefja sitt 23. starfsár. Lindaskóli stendur við Núpalind og er staðsettur í miðju skólahverfinu. Hann er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. - 10. bekk. Haustið 2019 voru 461 nemandi í skólanum og um 70 starfsmenn. Gildi Lindaskóla eru *Vinátta – Virðing - Viska*. Nánari upplýsingar um skólann er að finna í *Starfsáætlun Lindaskóla 2019-20* sem er að finna á heimasíðu skólans undir flipanum *Áætlanir.*

Í þessari skýrslu um innra mat skólans verður gerð grein fyrir þeirri matsvinnu sem fram fór í Lindaskóla á skólaárinu 2018-2019.

1. Matsteymi

Matsteymi Lindaskóla var skipað fimm starfsmönnum skólans skólaárið 2018-2019:

Auðbjörg Njálsdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri
Ragnheiður Líney Pálsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á elsta stigi
Þórhalla Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Skólaárið 2019-2020 eru sex fulltrúar í teyminu, fjórir fulltrúar starfsmanna, einn fulltrúi foreldra og einn fulltrúi nemenda. Þeir eru:

Auðbjörg Njálsdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi
Fjóla Borg Svavarsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Guðríður Ólafsdóttir, kennari á yngsta stigi og miðstigi
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á elsta stigi
Margrét Sigríður Hjálmarsdóttir, fulltrúi foreldra
Katrín Einarsdóttir 10. LA, fulltrúi nemenda

Helstu verkefni skólaárið 2018-2019 voru eftirfarandi:

- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk
- Lesfimipróf Menntamálastofnunar í 1.-10. bekk
- Nemendakannanir Skólapúlsins skólaárið 2018-2019, október, nóvember, febrúar, mars og apríl
- Foreldrakönnun Skólapúlsins, mars 2019
- Matsskýrsla 2018-2019 ásamt umbótaáætlun, lokið í nóvember 2019.

Teymið var með marga sameiginlega vinnufundi og skipti með sér verkum. Allir tóku þátt í ritstörfum og lauk nýtt matsteymi við skýrsluna á haustmánuðum.

2. Aðferðir og framkvæmd innra mats Lindaskóla

Lindaskóli styðst við ýmis matstæki til að meta innra starf skólans. Fyrst má nefna Skólapúlsinn sem er veflægt matskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn svara spurningalista á netinu um flestalla þætti skólastarfsins. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda í námi er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið, svokallað símat. Auk þess eru sérstakir námsmatsdagar á skólaárinu í febrúar og maí. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, s.s. í lestri og stafsetningu og sérstakar kannanir eru lagðar fyrir nemendur um líðan og samskipti. Auk þessa eru ýmsir utanaðkomandi aðilar sem meta skólastarf, s.s. Menntamálastofnun sem leggur fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk. Nemendur eru prófaðir í lesfimi þrisvar sinnum yfir skólaárið og í lesskilningi að hausti og vori, með stöðluðum prófum á vegum MMS. Pisa könnunin sem er alþjóðleg könnun á vegum OECD er lögð fyrir á þriggja ára fresti fyrir nemendur í 10. bekk. Menntavísindasvið Háskóla Íslands í samstarfi við embætti Landlæknis leggur alþjóðlegu könnunina HBSC, Heilsa og lífskjör skólanema, fyrir í 6., 8. og 10. bekk fjórða hvert ár en sú könnun er gerð að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO. Rannsóknarmiðstöðin Rannsókn og greining leggur kannanir fyrir nemendur í 5.-10. bekk en hún sérhæfir sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks bæði á Íslandi og erlendis.

Innra mat Lindaskóla byggir að mestu á Skólapúlsinum. Spurningar eru lagðar fyrir nemendur í 6.-10. bekk, foreldra og starfsmenn. Í Lindaskóla er nemendakönnun lögð fyrir á hverju skólaári þar sem allir nemendur í 6.-10. bekk svara spurningum einu sinni yfir skólaárið. Foreldrakönnun og starfsmannakönnun er síðan lögð fyrir annað hvert ár og var gerð könnun meðal foreldra skólaárið 2018-2019. Auk kannana Skólapúlsins hefur matsteymið lagt fyrir sérhæfðar kannanir eins og um haustfundi og teymiskennslu.

2.1 Viðmið um árangur

Í riti Íslenska matsfræðifélagsins; Leiðbeiningar um innra mat skóla, segir að mat standi því aðeins undir nafni að með því takist að ákvarða um gildi eða gæði þess sem meta skal. Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um innan skólans að telst góður. Ef sett eru viðmið í upphafi, verður mun auðveldara að túlka niðurstöðurnar. (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2011).

Matsteymi Lindaskóla ásamt skólasamfélaginu setti sér eftirfarandi viðmið varðandi matsspurningar Skólapúlsins: Markmið Lindaskóla eru þau að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum eða í það minnsta jafnir. Þar sem við erum marktækt yfir landsmeðaltali getum við verið ánægð með niðurstöðuna. Hins vegar þar sem niðurstöður skólans eru marktækt undir landsmeðaltali þarf skólinn að bregðast við og eru þeir þættir settir inn í umbótaáætlun. Þar sem niðurstöður eru gefnar upp í prósentum er viðmiðið einnig að vera alltaf yfir 80%, t.d. að vera mjög ánægðir eða frekar ánægðir með ákveðna þætti í skólastarfinu.

Í mikilvægum þáttum sem tengjast velferð nemenda og starfsfólks eins og einelti eða áreitni eru sett hærri viðmið og skoðuð sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig. Þá er ekki hægt að setja viðmið við aðra skóla. T.d. er einelti aldrei ásættanlegt þó að staðan sé betri í Lindaskóla en annars staðar. Vinna með velferð nemenda og starfsfólks er því í gangi á hverju ári og sett inn í umbótaáætlun skólans.

Jafnframt eru viðmiðin um árangur og framfarir í samræmdum könnunarprófum, lesskilningi og lesfimi þau, að nemendur í Lindaskóla séu jafnir eða hærri en nemendur á landinu.

Með því að vera með fyrirfram skilgreind viðmið um árangur finnum við hvar styrkleikar og veikleikar í hinum ýmsu þáttum skólastarfsins liggja. Þó svo að það geti verið gott

að miða niðurstöður við aðra skóla er það ekki algilt því ytri þættir þeirra eru mjög mismunandi. Má þar nefna uppbyggingu hverfa, menntunarstig foreldra, samsetningu nemendahópa og reynslu starfsfólks. Því er mikilvægt að skoða hverja spurningu fyrir sig.

3. Umbótavinna skólaárið 2018-2019

Hér verður gerð grein fyrir helstu umbótavinnu skólaársins 2018-2019 vegna kannana sem lagðar voru fyrir skólaárið 2017-2018.

3.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti.

Í Lindaskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti og sú vinna gekk ágætlega skólaárið 2018-2019. Áreitni eða einelti er aldrei ásættanlegt og því var unnið með þessa þætti eins og við gerum á hverju ári þó svo að staðan í Lindaskóla sé talsvert betri en landsmeðaltal. Eitt tilfelli er einu of mikið. Eineltisáætlun skólans var kynnt fyrir öllum starfsmönnum og forráðamönnum nemenda. Það var gert á starfsmannafundi og á árlegum haustfundum fyrir forráðamenn. Lindaskóli vinnur eftir *Saman í sátt* sem fjallar um aðgerðir gegn einelti og samskiptamál. Eineltisáætlunin er á heimasíðu skólans og þar er að finna skilgreiningu á hugtakinu einelti. Það er mikilvægt að sami skilningur sé á hugtakinu einelti meðal nemenda, foreldra og starfsmanna.

Umsjónarkennarar, upplýsingatæknikennari og kennsluráðgjafar ræddu reglulega við nemendur sína um alvarleika eineltis og neteineltis á tímum örra breytinga. Umsjónarkennarar voru hvattir til að skrá hjá sér þau mál sem upp komu og upplýsa foreldra þolanda um næstu skref.

Unnið var með líðan nemenda í frímínútum. Útbúnir voru útileikfangakassar fyrir hverja bekkjarstofu hjá 1.-7. bekk þannig að nemendur hefðu fjölbreyttari tækifæri til útileikja. Nemendur kunnu vel að meta þessa nýbreytni. Skólavinaverkefni 1. og 6. bekkjar var áfram í gangi þar sem nemendur í 6. bekk aðstoðuðu yngri nemendur í útivist.

3.2 Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri

Ánægja nemenda af lestri mældist marktækt minni í Lindaskóla en að meðaltali á landinu. Til að efla ánægju nemenda af lestri var ýmislegt lagt af mörkum. Kennarar

voru hvattir til að fylgja eftir lestrarstefnu skólans og kynna hana fyrir foreldrum á haustfundum. Lögð var áhersla á yndislestur í skólanum, að kennarar læsu fyrir nemendur í nestistímum og að nemendur ynnu fjölbreytt verkefni sem tengdust lestri. Kennarar voru hvattir til að kynna spjaldtölvur sem tæki til lestrar og bókasafnsfræðingur skólans kynnti bækur mánaðarins á hverju stigi á bókasafninu, á heimasíðu skólans og á upplýsingaskjá nemenda og kennara. Þemavika skólans skólaárið 2018-2019 var helguð læsi þar sem verkefnin tengdust læsi á einn eða annan hátt. Skólinn fékk nokkra rithöfunda til að kynna bækur sínar og lesa upp úr þeim fyrir nemendur. Nemendur í 4. og 7. bekk tóku þátt í *Litlu upplestrarkeppninni og Stóru upplestrarkeppninni.*

3.3 Símenntun kennara

Unnið var að því markvisst að hafa símenntunartilboð fyrir alla starfsmenn skólans þetta skólaár. Menntasvið Kópavogsbæjar stóð fyrir námskeiðum í ágúst eins og svo oft áður sem bar yfirskriftina *Í startholunum*. Mjög fjölbreytt námskeið þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Á skipulagsdögum í ágúst var boðið upp á skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn Lindaskóla. Stjórnendur hvöttu starfsmenn til að stunda símenntun sem margir þeirra gerðu. Til að mynda fóru tveir kennarar á BETT sýninguna í London í febrúar þar sem allar helstu nýjungar í upplýsingatækni (UT) eru kynntar og þar var boðið upp á ýmsa fyrirlestra. Margir kennarar sóttu menntabúðir sem eru til skiptis í grunnskólum Kópavogs í hverjum mánuði. Þar var boðið upp á erindi, örnámskeið og kynningar um ýmis kennslufræðileg efni sem tengjast m.a. spjaldtölvum. Kynningar og fræðsluerindi voru einnig annað slagið yfir veturinn á kennarafundum og deildarfundum sem utanaðkomandi aðilar voru með eða starfsmenn skólans.

3.4. Upplýsingamiðlun til foreldra

Upplýsingamiðlun til foreldra var með ýmsu móti skólaárið 2018-2019, eins og með foreldraviðtölum, netpóstum, símtölum, teymisfundum og öðrum tilfallandi fundum að ósk foreldra eða kennara. Föstudagspóstar til foreldra barna á yngra stigi voru settir inn á Mentor eða sendir heim með tölvupósti. Forstöðumaður Demantabæjar sendi

vikuleg fréttabréf heim um starfið í frístund og ýmsar fréttir og tilkynningar voru birtar á heimasíðu skólans.
Kennarar skólans voru hvattir sérstaklega til að upplýsa foreldra reglulega um stöðu barna þeirra í námi og í samskiptum. Kennarar sendu einnig pósta til foreldra ef upp komu samskiptamál milli nemenda í bekkjum.

4. Niðurstöður Skólapúlsins 2018-2019

Eitt af matstækjum Lindaskóla í innra mati hans eru kannanir Skólapúlsins. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum skólaársins 2018-2019. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur og foreldra og má sjá yfirlit yfir niðurstöðurnar í fylgiskjölum (Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2018-2019, bls. 30 og Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun mars 2019, bls. 32). Heildarniðurstöður úr spurningakönnunum Skólapúlsins eru á heimasíðu skólans. Skólapúlsinn birtir niðurstöður á mælikvarðanum 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni í skólanum. Normaldreifðar niðurstöður eru byggðar upp með því að laga dreifingu stiga að normaldreifingu. Kostir þess eru stöðugleiki og einfaldleiki og túlkunin byggir á traustum grunni. Meðaltöl og staðalfrávik (meðaltalsfrávik frá meðaltali) verða þannig alltaf þau sömu á landsvísu. Normaldreifing gerir samanburð á milli tiltekins skóla og landsins mögulegan og gefur samanburðinum merkingu. Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 0 til 10 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla telst meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, en munur upp á 1,0 stig telst töluverður og munur upp á 1,5 stig telst mikill munur. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 95% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjörnumerktur og með bláum stöfum. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 95% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.
Nú verður fjallað um þær niðurstöður sem sýna styrkleika og veikleika skólans. Sérstaklega verður sagt frá þeim niðurstöðum þar sem Lindaskóli er marktækt frábrugðinn viðmiðunarhópnum og eru þá niðurstöðurnar stjörnumerktar.

4.1 Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk mánaðarlega frá október fram í apríl. Það er ánægjulegt að segja frá því að niðurstöðurnar komu vel út. Í öllum þáttum nema einum náðum við þeim viðmiðum sem við settum okkur, þ.e. að vera jafnir landsmeðaltali eða yfir. Því var í raun ekki þörf á að setja neina þætti úr nemendakönnuninni inn í umbótaáætlunina. Hins vegar er aldrei hægt að samþykkja einelti og því er vinna með jákvæð samskipti alltaf sett inn í umbótaáætlun skólans. Þeim þáttum sem snúa að könnuninni er skipt upp í þrjá hluta og verður hér gerð grein fyrir þeim.

1. Virkni nemenda í skólanum

Hér var niðurstaða skólans mjög góð. Ánægja af lestri 4,4* (landið 4,7), þrautseigja í námi 5,2* (landið 4,9), áhugi á stærðfræði 5,2 (landið 5,0), ánægja af náttúrufræði 5,6* (landsmeðaltal 4,8), trú á eigin vinnubrögð í námi 4,9 (landið 4,9) og trú á eigin námsgetu 5,1* (landið 4,8). Í þremur þáttum af sex er niðurstaða Lindaskóla marktækt betri en á landinu öllu og er ánægja nemenda af náttúrufræði mest. Hins vegar erum við marktækt undir landsmeðaltali varðandi ánægju af lestri.

2. Líðan og heilsa

Í þessum hluta var niðurstaðan einnig nokkuð góð og niðurstaðan í eða yfir landsmeðaltali. Sjálfsálit 4,8 (landið 4,8), stjórn á eigin lífi 4,8 (landið 4,7), vellíðan 4,9 (landið 4,8) og hollt mataræði 4,9 (landið 4,8). Einelti mælist eins í Lindaskóla og á landinu öllu eða 5,3. Í Lindaskóla er stöðugt verið að vinna með jákvæð samskipti nemenda. Tíðni eineltis í Lindaskóla er 7,8%* en landsmeðaltalið er 12,1% sem þýðir að tíðni eineltis er marktækt lægri hjá okkur en að meðaltali á landinu. Hér gildir það sama og varðar fyrri spurninguna að einelti er aldrei liðið og því nauðsynlegt að bregðast við. Tíðni hreyfingar 59,3%* (landið 44,7%) er maktækt fyrir ofan landsmeðaltal. Þessi spurning tók breytingum þetta árið eftir athugasemd frá Lindaskóla.

3. Skóla- og bekkjarandi

Niðurstaðan var mjög góð í þessum hluta. Samsömun við nemendahópinn 5,1* (landið 4,9), samband nemenda við kennara 5,5* (landið 5,0), agi í tímum 5,3* (landið 4,9), virk þátttaka nemenda í tímum 5,2 (landið 5,1) og mikilvægi heimavinnu í náminu 5,1* (landið 4,7). Eins og sést er Lindaskóli marktækt yfir landsmeðaltali í fjórum þáttum af fimm en yfir í þeim öllum.

Sterkar hliðar skólastarfsins að mati nemenda eru margar og snúa að öllum þremur flokkunum; *Virkni nemenda í skólanum*, *Líðan og heilsa* og *Skóla- og bekkjarandi*. Sem fyrr tökum við alvarlega þá niðurstöðu sem snýr að einelti þó svo að það mælist minna samanborið við landsmeðaltal. Vinna með jákvæð samskipti mun því halda áfram af fullum krafti í Lindaskóla.

4.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin var lögð fyrir í febrúar 2019. Henni er skipt upp í fimm hluta. Hér verður gerð grein fyrir helstu styrkleikum og veikleikum skólastarfsins að mati foreldra.

1. Nám og kennsla

Í þessum hluta er spurt um ánægju foreldra með nám og kennslu, stjórnun, námsefni og aga. Foreldrar voru ánægðir með nám og kennslu í skólanum 5,5 (landið 5,2). Ánægja með stjórnun skólans er fyrir neðan landsmeðaltal eða 87,2% (landið 90,5%) og minnkar frá síðustu könnun 2016-2017 og var þá 95,2%. Foreldrum finnst hæfileg þyngd á námsefni í skólanum, 87,8 % (landið 82,1%) og hefur hækkað frá síðustu könnun (83,7%). Hæfilegur agi, 77,6% (landið 78,2%) en sá þáttur hefur lækkað hjá okkur, var 80,6%.

2. Velferð nemenda

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur er 4,8 (landið 4,8) og hefur hækkað frá síðstu könnun (4,7). Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda eða 92,6% (landið 87,5%). Að mati foreldra líður nemendum vel í skólanum almennt, 96,0% (landið 91,3%) og líðan nemenda í kennslustundum, 96,0% (landið 91%) og hefur hækkað frá síðustu könnun (94,2%). 92,0% foreldra telja

jafnframt að nemendum líði vel í frímínútum/útivist (landið 89,7%) og hefur hækkað síðan í síðustu könnun (89,4%).
Umfang eineltis er 8,2% (landið 9,3%) hefur hækkað síðan í síðustu könnun (6,9%). Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum er 70,0% (landið 58,6%) en foreldrar voru ánægðari í síðustu könnun (80,0%). Ánægja foreldra með hraða úrvinnslu eineltismála hefur einnig lækkað, er nú 63,6% (landið 55,8%) en var í síðustu könnun 70,0%. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er 85,7% (landið 82,8%). Meðaltímabil eineltis í Lindaskóla er 0,9* (landið 1,4) sem er marktækur munur.

3. Aðstaða og þjónusta

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er 5,5 (landið 5,4), ánægja með tómstundaþjónustu er 5,4 (landið 5,0) og er hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístund 64,6% (landið 60,3%). Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti er mikil eða 90,2%* (landið 80,1%) sem er marktækur munur. Notkunin er samt minni, 85,7%, en landsmeðaltalið sem er 89%.

4. Foreldrasamstarf

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi er 4,9 (landið 5,0), áhrif foreldra á ákvarðandir varðandi nemendur er 48,7%* (landið 57,6%) og leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina er 52,9%* (landið 60,7%). Síðasttöldu tveir þættirnir mælast með marktækan mun miðað við landið. Foreldrar eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal, 96,3% (landið 94,5%) og hefur sú talað hækkað úr 92% frá síðustu könnun. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum er 50,7% (landið 54,4%) og mikilvægi þess að gera slíka áætlun að mati foreldra 79,5% (landið 84,8%). Ánægja foreldra með heimasíðu skólans hefur farið lækkandi frá síðustu könnun, er nú 78% (landið 80 %) en var 83,8%. Foreldrar virðast vera upplýstir um stefnu skólans og námskrá 79,8% (landið 72,8%).

5. Heimastuðningur

Virkni foreldra í námi barna sinna er á pari við landsmeðaltalið eða 5,0, trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið er 4,2* (landið 4,7) og hefur lækkað síðan í síðustu könnun (4,7). Marktækur munur er á þessum þætti í Lindaskóla og landinu.

Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu er 4,1 (landið 4,4), hæfileg heimavinna að mati foreldra 79,5% (landið 74,4%) og foreldrar eyða minni tíma við að aðstoða nemendur við heimanám eða 44,6% (landið 53,1%). Væntingar foreldra um háskólanám er 85,7%* (landið 78%) og væntingar foreldra um iðnnám er 10,0% (landið 10,4%).

5. Árangur náms

Mat á námi nemenda í Lindaskóla fer fram með ýmsum hætti. Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið. Sérstakir námsmatsdagar eru í febrúar og maí. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, s.s. í lestri og stafsetningu og sérstakar kannanir eru lagðar fyrir nemendur um líðan og samskipti. Tvisvar sinnum á ári eru lagðar fyrir tengslakannanir. Menntamálastofnun leggur fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk og stöðluð lestrarpróf. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum matstækjum og helstu niðurstöðum.

5.1 Samræmd könnunarpróf

Rýnt er í niðurstöður samræmdra prófa þegar þær berast, því þær gefa almennar vísbendingar um starfið í skólanum og kennarar viðkomandi árganga geta nýtt sér þær til umbóta þar sem á hallar.

Á myndunum hér á eftir má sjá niðurstöður samræmdra könnunarprófa síðustu skólaára. Einkunnakvarði prófanna er normaldreifður frá 0 til 60 stigum með meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Græna línan sýnir stöðu Lindaskóla samanborið við landsmeðaltal sem er rauð lína. Blágræna línan er niðurstaða drengja í Lindaskóla og fjólubláa línan er niðurstaða stúlkna.



Mynd 1 – Samræmd könnunarpróf í íslensku, 4. bekkur – Ársmeðaltöl



Mynd 2 – Samræmd könnunarpróf í stærðfræði, 4. bekkur - Ársmeðaltöl

Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði hefur verið rétt yfir eða við landsmeðaltal undanfarin ár. Haustið 2017 var hins vegar árangurinn sérstaklega góður og haustið 2018 var hann vel yfir landsmeðaltali.



Mynd 3 – Samræmd könnunarpróf í íslensku, 7. bekkur - Ársmeðaltöl



Mynd 4 – Samræmd könnunarpróf í stærðfræði, 7. bekkur - Ársmeðaltöl

Árangur 7. bekkjar í í íslensku og stærðfræði hefur verið um og yfir landsmeðaltali undanfarin misseri. Haustið 2018 var árangurinn í íslensku rétt fyrir ofan landsmeðaltal en í stærðfræði í meðaltali.

Samræmd könnunarpróf á unglingastigi voru lengi vel lögð fyrir nemendur í 10. bekk. Árið 2017 breyttist það og farið var að leggja þau fyrir nemendur 9. bekkja.



Mynd 5 – Samræmd könnunarpróf í íslensku, 9.-10. bekkur - Ársmeðaltöl



Mynd 6 – Samræmd könnunarpróf í stærðfræði, 9.-10. bekkur – Ársmeðaltöl



Mynd 7 – Samræmd könnunarpróf í ensku, 9.-10. bekkur – Ársmeðaltöl

Árangur hefur verið vel yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði á unglingastigi undanfarin ár og um og yfir landsmeðaltal í ensku. Árangurinn vorið 2019 dalaði þó aðeins en var þó í öllum þessum greinum rétt um eða yfir landsmeðaltali.

Almennt má segja að árangur Lindaskóla í samræmdum könnunarprófum hafi verið ágætur.

5.2 Lesferill - lestrarþjálfun

Lesfimipróf MMS (Menntamálastofnunar) eru stöðluð hraðalestrarpróf fyrir alla nemendur frá 1.-10. bekk. Árangur nemenda í Lindaskóla í maí 2019 var í heildina mjög góður. Allir árgangar nema einn voru fyrir ofan landsmeðaltal og um eða yfir viðmiðum 2.



Mynd 8 – Niðurstöður lesfimiprófa í maí 2019

Niðurstöður hraðalestrarprófa MMS í september, janúar og maí eru skoðaðar og þá er metið hvort grípa þurfi til frekari stuðnings við nemendur, s.s. sérkennslu. Þá er einnig greint hvaða nemendur þurfa sérstakt lestrarátak sem skólinn býður upp á í samvinnu við heimilin.

Sem dæmi um sérstakt lestrarátak má nefna *Lestrarnámskeið Kristínar Arnardóttur* og lestrarþjálfunarefnið *Eitt skref í einu*. Allir nemendur í 1.-7. bekk taka þátt í þriggja vikna víxllestrarátaki fyrir jól og þriggja vikna lestrarspretti eftir jól.

Nemendur í 3. - 8. bekk eru prófaðir í lesskilningi að hausti og vori með Orðarún, stöðluðum prófum á vegum MMS. Niðurstöður gefa upplýsingar um framfarir nemenda á milli ára og skólinn nýtir niðurstöðurnar til þess að fylgjast með hvort framfarir

nemenda séu með eðlilegum hætti og grípa inn í ef vísbendingar benda til að svo sé ekki.

Við upphaf skólagöngu nemenda í 1. bekk er stafaþekking þeirra könnuð, einnig er gerð lesskimun frá MMS í október til að meta undirstöðuþætti lestrar sem eru málþroski, bókstafir/hljóð og hljóðkerfisvitund. Þeir nemendur sem koma ekki nógu vel út í þessum athugunum fá viðeigandi stuðning eða sérkennslu. Í janúar eru þeir nemendur sem þurfa stuðning teknir í stafakönnun.

Nestissögur eru mikilvægur þáttur í lestrarnámi, börnin fá tækifæri til að auka orðaforða sinn og málskilning og hlustunarskilningur eflist. Yndislestur veitir nemendum færi á að velja sér sjálfir lestrarefni, þeir lesa sér til gleði og gagns og styrkja lestrarfærni sína. Lindaskóli hefur aðgang að góðum bókakosti og er skólabókasafn vel nýtt. Auk þess hafa nemendur aðgang að almenningssafni, Lindasafni.

Nemendur lesa eins oft og kostur er fyrir kennara eða starfsmenn og þyngist lesefni eftir getu nemenda. Farið er eftir lestrarlista Lindaskóla en þar er bókakosti skólans raðað eftir þyngd texta.

Mikilvæg og læsishvetjandi verkefni sem Lindaskóli tekur þátt í eru; *Uglan* sem er spurningakeppni á miðstigi sem bókasafnsfræðingur Lindaskóla stýrir, *Litla upplestrarkeppnin* fyrir 4. bekk og *Stóra upplestrarkeppnin* fyrir 7. bekk. Þetta eru verkefni sem skólinn leggur metnað í og er stoltur af.

5.4 Tengslakannanir

Samkvæmt eineltisáætlun skólans eru félagatengsl nemenda kortlögð á hverju ári. Tengslakönnun er greiningartæki til að fá mynd af félagslegum tengslum í hópi sem við leggjum fyrir tvisvar á ári. Tengslakannanir eru lagðar fyrir til að fá innsýn í hvernig einstaklingar í hópi tengjast og hverjir eru líklegir til að geta unnið vel saman eða verið saman við tilteknar aðstæður. Einnig gefur tengslakönnun innsýn inn í félagslega stöðu einstaklinganna; vinsældir, höfnun, trygg sambönd o.fl. Tengslakannanir eru frábært tæki fyrir umsjónarkennara til að kanna félagslega stöðu og í framhaldinu að fara í markvissa vinnu við að efla félagatengsl og samkennd í hópi. Þær eru einnig tæki sem gefa kennara innsýn í hvaða nemendur standa utan við félagahópinn. Tengslakannanir eru einnig gott tæki þegar kennarar/skólafólk ætlar að endurraða nemendum í

skólastofunni, skipta nemendum í vinnuhópa, raða nemendum saman í herbergi á ferðalögum og þannig mætti lengi telja.

Byrjað er á því að leggja spurningablað fyrir nemendur. Sá sem leggur fyrir kynnir tilganginn fyrir nemendum. Hann getur verið sá að kennari átti sig á félagatengslum í bekknum og einnig hagnýtur fyrir kennarann. Hver nemandi skráir þrjá félaga sem hann vill vera með eða vinna með við tilteknar aðstæður. Þær spurningar sem við höfum spurt síðustu ár eru eftirfarandi:

- Með hverjum vilt þú vinna verkefni í tíma?
- Hverjum ertu oftast með í útivist/frímínútum?
- Hverjum vilt þú helst vera með í útivist/frímínútum?

Lindaskóli hefur ákveðið að kaupa aðgang að tengslakönnunarforriti á netinu sem heitir Sometics. Það gefur kennurum myndræna framsetningu á félagslegri stöðu nemenda. Í forritinu er einnig hægt að hafa spurningar um líðan nemenda og annað sem umsjónarkennarar, náms- og starfsráðgjafi og stjórnendur ákveða. Niðurstöður tengslakannana eru notaðar í skólanum en eru hvorki birtar nemendum né foreldrum/forráðamönnum þar sem bekkurinn í heild kemur fram í niðurstöðunum.

5.6 Einstaklingsviðtöl á unglingastigi

Umsjónarkennarar í 8.-10. bekk boða nemendur sína í einstaklingsviðtal a.m.k. einu sinni á ári. Í viðtölunum er farið yfir námslega stöðu nemandans og markmið hans fyrir skólaárið. Þá er mikil áhersla lögð á að ræða líðan og samskipti. Einstaklingsviðtölin hafa reynst nemendum sem og kennurum mjög vel og hafa þau náð að festa sig í sessi í skólastarfinu.
Á tímum fjölbreytts námsmats og símats þá eru allir kennarar á unglingastigi vakandi fyrir því að ræða reglulega við nemendur um markmið hvers og eins í viðkomandi námsgrein.

5.5 Starfsmannasamtöl

Í mars á hverju ári fara fram starfsmannasamtöl við alla starfsmenn Lindaskóla. Skólastjórnendur undirbúa í sameiningu samtölin og ákveða hvaða þætti á að leggja

áherslu á. Þeir skipta á milli sín starfsmannahópnum, deildarstjórar eiga samtöl við umsjónarkennara og sérkennara á sínu stigi og skólastjóri á samtöl við list- og verkgreinakennara og starfsmenn sem eru yfir ákveðinni starfsemi. Forstöðumaður Frístundar á samtöl við starfsmennina þar.

Starfsmannasamtölin eru jafnframt starfsþróunarsamtöl. Þau eru mikilvægur þáttur í að meta hvernig starfið er að ganga hjá einstaka starfsmönnum og í skólanum í heild. Nokkrir þættir eru alltaf til umræðu s.s. líðan og samskipti, starfsþróun og símenntun og starfið á komandi skólaári.

Samtölin eru trúnaðarsamtöl á milli stjórnenda og starfsmanna og eiga að vera opinská og hreinskilin. Með því er auðveldara að meta starfið og stöðuna almennt hjá hverjum og einum starfsmanni, ræða hvað er að ganga vel og hvaða þætti þarf að styrkja. Einnig er starfið almennt í skólanum rætt til að meta styrkleika og veikleika skólastarfsins með það að markmiði að gera enn betur.

6. Umbótaáætlun

Þegar niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnun Skólapúlsins frá skólaárinu 2018-2019 lágu fyrir nú í vor ákvað matsteymið hvaða þætti skyldi taka fyrir í umbótaáætlun. Teymið setti sér það viðmið, að ef niðurstöður skólans í ákveðnum þáttum væru undir landsmeðaltali skyldi taka þá fyrir í umbótaáætlun. Einnig var ákveðið að setja ákveðna þætti sem tengdust velferð nemenda, eins og einelti, inn í umbótaáætlunina þrátt fyrir að staðan væri betri í Lindaskóla miðað við meðaltal á landinu öllu.

Matsteymið kynnti niðurstöður kannananna fyrir starfsfólki Lindaskóla í maí og skólaráði í júní. Ákveðið var að hafa ekki kaffihúsafund þar sem starfsmönnum væri skipt upp í hópa til að ræða niðurstöðurnar heldur einn stóran fund með kynningu og umræðu. Ástæðan var sú að matsteymið sá að þeir þættir sem þyrfti að vinna með voru að mestu leyti þeir sömu og skólaárið á undan.

Umbótaáætluninni er skipt upp í fjóra hluta:

1. Líðan og heilsa - einelti
2. Virkni nemenda í skólanum - ánægja nemenda af lestri
3. Foreldrasamstarf – áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur, leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina
4. Heimastuðningur – trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið, vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu

Matsteymi skólans fékk hugmyndir frá starfsfólki varðandi umbætur, vann úr þeim og setti inn í umbótaáætlun skólans. Nýtt matsteymi lauk þeirri vinnu á haustmánuðum þar sem fulltrúar nemenda og foreldra sitja (Fylgiskjal 3, bls. 35).
Í fylgiskjölum er umbótaáætlunin og þar kemur fram hver staðan er í þeim umbótaþáttum sem teknir eru fyrir, hvert markmiðið er með umbótunum, aðgerðir sem á að framkvæma og hvenær og hver ber ábyrgð á þeim. Einnig hvernig og hvenær endurmat fer fram og viðmið um árangur. Bókstafirnir í töflunum vísa til þeirra kannana sem við á, þ.e. foreldra eða nemenda (F = foreldrakönnun og N = nemendakönnun). Númerin fyrir aftan bókstafina vísa til númers spurninga.
Nú verður fjallað í stuttu máli um umbótaáætlunina, stöðuna í þeim þáttum sem við viljum sjá betri, markmið með umbótum og aðgerðir skólans til umbóta.

6.1 Velferð nemenda, líðan, heilsa, einelti

Markmið Lindaskóla er að öllum nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum og sýni samábyrgð til að svo megi vera. Áreitni og einelti er ekki liðið í Lindaskóla og er mikilvægt að vinna eftir eineltisáætlun skólans þegar slík mál koma upp.
Eins og sjá má í töflu 1, sem er hluti af umbótaáætlun skólans, segjast 16 nemendur (7,8%) hafa orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni eða oftar á síðustu 30 dögum. Þetta er 16 nemendum of mikið og allir verða að leggjast á eitt til að hjálpast að við að bæta stöðuna. Það á enginn nemendi að þurfa að upplifa baktal, að vera beittur ofbeldi, skilinn útundan, fá særandi orðsendingar og líða illa yfir því hvernig komið er fram við hann. Sjá nánar umbótaáætlun (Fylgiskjal 3, bls. 35).

Tafla 1 – Velferð nemenda, líðan og einelti

Umbótaþættir/ staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð
Einelti (N2,5) 5,3 (landið 5,3) Nemendur voru beðnir að segja til um hve mörgum sinnum á síðustu 30 dögum þeir upplifðu neðangreind atriði sem mynduðu matsþátt: (1) Mér fannst að einhver væri að baktala mig. (2) Ég var beittur ofbeldi. (3) Ég var skilin(n) útundan. (4) Einhver sagði eitthvað særandi við mig. (5) Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig. (6) Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu. **Tíðni eineltis (N2,6)** 7,8 % nemenda, 16 nemendur (landið 12,8%) sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum 1 sinni eða oftar á síðustu 30 dögum.	Að tryggja það að eineltisáætlun Lindaskóla sé virk.	Starfsmenn vinni eftir eineltisáætlun skólans. Einelti þarf að vera í stöðugri skoðun og eftirfylgni.
	Að allir starfsmenn þekki eineltisáætlun skólans og bókina *Saman í sátt.*	Starfsmenn lesi yfir eineltisáætlun skólans til upprifjunar og rifji upp efni bókarinnar *Saman í sátt.*
	Að öll samskipti nemenda séu jákvæð og uppbyggileg.	Fræðsla frá UT kennara til nemenda um samskipti á netinu. Umsjónarkennarar fjalla um samskipti með nemendum.
	Að kennarar fylgi eftir samskiptamálum og skrái niður aðgerðir.	Kennarar skrái hjá sér samskiptamál sem upp koma og aðgerðir.

6.2 Ánægja nemenda af lestri

Markmið Lindaskóla er að veita nemendum nám og kennslu við hæfi og að nemendur skólans standi sig vel í samanburði við aðra nemendur á landinu.

Nemendur í Lindaskóla eru marktækt fyrir neðan landsmeðaltal er varðar ánægju af lestri og er markmið skólans að efla lestraráhuga nemenda með ýmsum hætti eins og sést í töflu 2.

Tafla 2 – Nám og kennsla – Ánægja nemenda af lestri

Staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð
Ánægja af lestri (N1,1) 4,4* (landið 4,7) Marktækur munur (-0,3*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurningar sem mynda matsþátt**: • *Ég les bara þegar ég verð að gera það.* *Mjög sammála eða sammála 56,9% (landið 53,5%)* • *Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.** *Mjög sammála eða sammála 26,2% (landið 30,7%)* • *Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.** *Mjög sammála eða sammála 29,7% (landið 34,4%)* • *Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.* *Mjög sammála eða sammála 64,2% (landið 70,4%)* • *Lestur er tímasóun fyrir mig.* *Mjög sammála eða sammála 22,7% (landið 20,8%)* • *Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.** *Mjög sammála eða sammála 45,1% (53,2%)*	Að kennarar og forráðamenn þekki lestrarstefnu skólans, m.a. er varðar mikilvægi heimalesturs.	Kennarar fylgi lestrarstefnu skólans og upplýsi forráðamenn um hana.
	Auka ánægjulegar lestrarstundir með yndislestri.	Byrja skóladaginn á yndislestri í öllum árgöngum eða finna þann tíma sem hentar.
	Að allir nemendur Lindaskóla fái tíma til yndislesturs.	Viðbótartími í íslensku hjá 8.-10. bekk til að hafa svigrúm til yndislesturs.
	Auka ánægjulegar lestrarstundir.	Kennararar lesi fyrir nemendur í nestistíma í 1.-7. bekk. Tengja myndefni við lesturinn þar sem það á við.
	Auka ánægju nemenda af lestri með fjölbreytni.	Fjölbreytt lestrarverkefni.
	Auka fjölbreytni við lestur.	Kynna spjaldtölvur sem tæki til lestrar.
	Kynna nemendum áhugaverðar bækur.	Bækur mánaðarins kynntar á skólabókasafni upplýsingaskjá skólans og heimasíðu Lindaskóla.

6.3 Foreldrasamstarf

Í skólastarfi hafa samskipti skóla og heimila aukist til muna undanfarin ár og áratugi. Gott og jákvætt samstarf milli heimila og skóla er mikilvægt og er góður stuðningur við skólastarfið í heild sinni. Áður fyrr voru samskipti á milli skóla og heimila aðallega í tengslum við foreldradaga. Í dag eru samskipti jafnt og þétt yfir veturinn með símtölum, viðtölum, tölvupóstum og í gegnum Mentor.

Í Lindaskóla starfar öflugt foreldrafélag sem hefur það að leiðarljósi að efla samvinnu heimila og skóla og stuðla þannig að aukinni velferð nemenda í skólanum og framförum í skólastarfi. Félagið var stofnað árið 1999 og eiga allir foreldrar og forráðamenn aðild að því. Af þeim eru að jafnaði um sex í stjórn félagsins og fer kosning til setu í stjórn fram á aðalfundi á vormánuðum. Stjórnin hefur það hlutverk að stuðla að fræðslu- og kynningarfundum í samráði við skólann, styrkja félagslíf skólans með skipulagningu ýmissa viðburða, s.s. aðventustundar og vorhátíðar og koma með tillögur um breytingar í tengslum við samvinnu foreldra og skóla. Þá heldur stjórnin utan um bekkjarfulltrúa og hefur umsjón með foreldrarölti auk þess að eiga fulltrúa í skólaráði og SAMKÓP.

Tafla 4 – Foreldrasamstarf

Umbótaþættir/ staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (F4.2.) 48,7%* (landið 57,6%) Marktækur munur (-8,9%*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali. **Spurning sem mynda matsþátt**: • *Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?* *Mjög mikil eða frekar mikil 48,7% (landið 57,6%)*	Að foreldrar/ forráðamenn geti haft áhrif á sértækar ákvarðanir sem eru teknar um þeirra börn.	Að starfsmenn skólans og foreldrar eigi gagnkvæm samskipti þegar teknar eru ákvarðanir sem skipta miklu máli varðandi nám og líðan nemenda. Starfsmenn skólans skulu hafa frumkvæði að þessum samskiptum.
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina (F4.3.) 48,7%* (landið 57,6%) Marktækur munur (-7,8%*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali. **Spurningar sem mynda matsþátt**: • *Skólinn/kennarinn leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið mitt.* • *Ábendingar mínar eru teknar til greina.*	Að skólinn/kennarar leiti eftir tillögum frá foreldrum/ forráðamönnum varðandi sértækar ákvarðanir sem tengjast börnum þeirra.	Að skólinn/kennarar eigi frumkvæði að því að afla upplýsinga frá foreldrum áður en sértækar ákvarðanir varðandi börnin þeirra eru teknar.
	Að ábendingar frá foreldrum/ forráðamönnum varðandi ákvarðanir sem tengjast börnum þeirra fari í skilgreint ferli.	Að skilgreint verði ferli þegar fram koma ábendingar frá foreldrum í tengslum við ákvarðanir sem tengjast barninu sem feli í sér að foreldrar séu upplýstir um framvindu og ákvörðun kennara/skólastjórnenda varðandi ábendinguna.

48,7% foreldra telja að þeir hafi mikil eða frekar mikil áhrif varðandi ákvarðanir sem eru teknar um barnið þeirra. Sama hlutfall foreldra segja að skólinn leiti eftir tillögum varðandi ákvarðanir sem eru teknar um barnið þeirra og að ábendingar þeirra séu teknar til greina. Þetta er talsvert undir landsmeðaltali og verður unnið að því að styrkja þessa þætti.

6.4 Heimastuðningur

Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið er talsvert undir landsmeðaltali.

Tafla 5 – Heimastuðningur

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/ viðbrögð
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið (F5.2.) 4,2* (landið 4,7) Marktækur munur (-0,5*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurning sem mynda matsþátt**: • *Ég veit hvernig ég get hjálpað barninu mínu að standa sig vel í skólanum.* • *Ég veit að ég næ vel til barnsins míns.* • *Mér gengur vel að hjálpa barninu mínu að læra.* • *Félagahópurinn hefur meiri áhrif á námsárangur barnsins míns en ég.*	Foreldrar hafi ákveðin tæki og tól sem auðveldar þeim að aðstoða börnin sín með heimanám.	Námsáætlanir séu skýrar og aðgengilegar og upplýsingar um efni til stuðnings fylgi með inni á Google Classroom (5.-10. bekkur).
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (F5.3.) 4,1* (landið 4,4) Marktækur munur (-0,3*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurningar sem mynda matsþátt**: Hve oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári? Barnið mitt bað mig að... • *...fylgjast með heimanámi sínu.* • *...mæta á viðburð í skólanum.* • *...tala við kennarann sinn.*	Að nemendum þyki sjálfsagt að biðja foreldra sína um að taka þátt í námi sínu.	Umræður heima og í skólanum um mikilvægi þess að nemendur leiti til foreldra sinna varðandi námið og hvetji þá til að koma í skólann þegar tækifæri gefast.

Eins er vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra sinna í náminu minni í Lindaskóla en að meðaltali á landinu öllu. Unnið verður að því að efla þessa þætti.

Lokaorð

Markmið með innra mati skóla er að draga fram styrkleika og veikleika skólastarfsins og setja fram áætlun um umbætur þar sem það á við.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir matsvinnu Lindaskóla skólaárið 2018-2019. Sagt var frá umbótavinnu ársins, niðurstöðum Skólapúlsins í nemenda- og foreldrakönnunum vetrarins og þeim umbótum sem unnið verður að í vetur en þær hófust formlega í byrjun janúar 2019. Einnig var sagt frá samræmdum könnunarprófum og lesferilsprófum sem voru lögð fyrir þetta skólaár, tengslakönnunum, einstaklingsviðtölum á unglingastigi og starfsmannasamtölum.

Styrkleikar skólastarfsins að mati nemenda snúa að öllum þremur þáttunum sem voru metnir, þ.e. virkni þeirra í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda.

Helstu styrkleikar skólastarfsins að mati nemenda sem eru marktækt yfir landsmeðaltali eru:

- Þrautseigja í námi
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin námsgetu
- Minna einelti
- Tíðni hreyfingar
- Samsömun við nemendahópinn
- Samband nemenda við kennara
- Agi í tímum
- Mikilvægi heimavinnu í náminu

Styrkleikar starfsins að mati foreldra sem eru marktækt yfir landsmeðaltali eru:

- Meðaltími eineltis
- Ánægja með máltíðir í mötuneyti
- Væntingar foreldra um háskólanám

Aðrir styrkleikar að mati foreldra, 80% eða fleiri eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir:

- Stjórnun skólans
- Hæfileg þyngd námsefnis
- Hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan nemenda í skólanum almennt, einnig í kennslustundum og frímínútum
- Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála og úrvinnsuhraða mála
- Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans

Sá þáttur sem mældist marktækt undir landsmeðaltali í nemendakönnuninni og telst veikleiki í skólastarfinu er:

- Ánægja af lestri

Það er mjög brýnt að vinna að því að efla áhuga og ánægju nemenda af lestri með öllum tiltækum ráðum nú sem fyrr. Auk lestursins var ákveðið að setja líðan og einelti inn í umbótaáætlunina en það eru þeir þættir sem við vinnum alltaf með.

Þeir þættir sem teljast veikleikar í skólastarfinu í foreldrakönnuninni eru:

- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur
- Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina
- Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið
- Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu

Þegar litið er til samræmdra könnunarprófa og lesfimisprófa eru nemendur nær alltaf um eða yfir landsmeðaltali og stundum talsvert yfir landsmeðaltali. Niðurstöðurnar eru því vel ásættanlegar.

Niðurstaða innra mats Lindaskóla skólárið 2018-2019 kom almennt nokkuð vel út og eru styrkleikar skólans margir að mati nemenda og foreldra. Niðurstaðan er hvatning til að gera enn betur og horfa sérstaklega til þeirra þátta þar sem skólinn er undir landsmeðaltali.

Lindaskóli, 6. desember 2019

Auðbjörg Njálsdóttir, umsjónarkennari á yngsta stigi
Fjóla Borg Svavarsdóttir, kennari í upplýsingatækni
Guðríður Ólafsdóttir, kennari á yngsta stigi og miðstigi
Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri
Sigríður Dóra Gísladóttir, umsjónarkennari á elsta stigi
Margrét Sigríður Hjálmarsdóttir, fulltrúi foreldra
Katrín Einarsdóttir í 10. LA, fulltrúi nemenda

Fylgiskjal 1. Nemendakönnun 2018-2019. Helstu niðurstöður

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	202	-0,1	4,7	16.236	-0,3*
1.2. Þrautseigja í námi	5,2	208	-0,2	4,9	16.206	0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,2	208	-0,2	5,0	16.431	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,6	207	-0,3	4,8	16.414	0,8*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	207	-0,3	4,9	16.208	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,1	207	-0,1	4,8	16.417	0,3*

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,8	205	-0,3	4,7	16.179	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,8	206	-0,3	4,7	16.147	0,1
2.3. Vellíðan	4,9	205	-0,1	4,8	16.350	0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	52	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,3	205	-0,0	5,3	16.327	0,0
2.6. Tíðni eineltis	7,8%	$16_{/205}$	-4,0%	12,2%	$2081_{/16274}$	-4,4%*
2.7. Staðir eineltis	-	16	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	59,3%	$121_{/204}$	-	44,7%	$7153_{/15949}$	14,6%*
2.9. Hollt mataræði	4,9	205	-0,2	4,8	16.073	0,1

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	204	-0,1	4,9	16.055	0,2*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,5	204	-0,1	5,0	16.259	0,5*
3.3. Agi í tímum	5,3	204	-0,1	4,9	16.248	0,4*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	204	-0,3	5,1	16.218	0,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,1	196	-	4,7	14.813	0,4*

Fylgiskjal 2. Foreldrakönnun 2018-2019. Helstu niðurstöður

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,5	99	5,2	4.477	0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	87,2%	82/94	90,6%	3989/4378	-3,4%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	87,8%	86/98	82,1%	3710/4452	5,7%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	77,6%	76/98	78,2%	3439/4406	-0,6%

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,9	77	4,8	4.361	0,1
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	92,6%	88/95	87,5%	3812/4328	5,1%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	96,0%	95/99	91,3%	4113/4488	4,7%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	96,0%	96/100	91,0%	4087/4481	5,0%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	92,0%	92/100	89,7%	4025/4490	2,3%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,2%	8/97	9,3%	437/4407	-1,1%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	70,0%	7/10	58,6%	433/755	11,4%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	63,6%	7/11	56,8%	414/746	6,8%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	85,7%	66/77	82,8%	3122/3767	2,9%
2.10. Meðaltímabil eineltis	0,9	11	1,4	763	**-0,5***
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	12	-	-	-

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,5	95	5,4	4.405	0,1
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,4	61	5,0	2.637	0,4
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	64,6%	64/99	60,3%	2740/4464	4,3%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	34	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	90,2%	74/82	80,1%	3208/3971	**10,1%***
3.6. Notkun á mötuneyti	85,7%	84/98	89,0%	4015/4439	-3,3%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	7,1%	1/14	4,2%	23/415	2,9%

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,9	82	5,0	4.386	-0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	48,7%	37/76	57,6%	2556/4222	**-8,9%***
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	52,9%	37/70	60,7%	2534/4028	**-7,8%***
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	56	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	51	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,3%	79/82	94,5%	4151/4387	1,8%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	81	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	50,7%	37/73	54,4%	2282/4224	-3,7%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	79,5%	58/73	84,8%	3396/4055	-5,3%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	78,0%	64/82	80,0%	3483/4380	-2,0%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	79,8%	79/99	72,8%	3283/4463	7,0%

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	76	5,0	4.334	0,0
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,2	74	4,7	4.311	**-0,5***
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	74	4,4	4.266	**-0,3***
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	79,5%	58/73	74,4%	3185/4263	5,1%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	44,6%	33/74	53,1%	2306/4277	-8,5%
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	85,7%	60/70	78,0%	2988/4002	**7,7%***
5.7. Væntingar foreldra um iðnnám	10,0%	7/70	10,4%	491/4002	-0,4%

Fylgiskjal 3: Umbótaáætlun Lindaskóla skólaárið 2019-2020

Velferð nemenda, líðan, einelti

Markmið: Að öllum nemendum líði vel í Lindaskóla

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Einelti (N2,5) 5,3 (landið 5,3) Nemendur voru beðnir að segja til um hve mörgum sinnum á síðustu 30 dögum þeir upplifðu neðangreind atriði sem mynduðu matsþátt: (1) Mér fannst að einhver væri að baktala mig. (2) Ég var beittur ofbeldi. (3) Ég var skilin(n) útundan. (4) Einhver sagði eitthvað særandi við mig. (5) Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig. (6) Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu. **Tíðni eineltis (N2,6)** 7,8 % nemenda, 16 nemendur (landið 12,8%) sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum 1 sinni eða oftar á síðustu 30 dögum.	Að tryggja það að eineltisáætlun Lindaskóla sé virk.	Starfsmenn vinni eftir eineltisáætlun skólans. Einelti þarf að vera í stöðugri skoðun og eftirfylgni.	Skólaárið 2019-2020	Starfsmenn/ skólastjórnendur	Vorið 2020. Samskipti og einelti er metið á hverju ári í Skólapúlsinum. Niðurstöður skólaársins 2019-2020 varðandi þennan umbótaþátt kemur í ljós í maí 2020. Þá sést hvernig þróunin er og hvort niðurstöðurnar verði jákvæðar.	Viðmiðið er ávallt það að ekkert einelti mælist í Lindaskóla. Einelti er ekki liðið í Lindaskóla. Enginn á að vera baktalaður, beittur ofbeldi, skilinn útundan, fá særandi orðsendingar og líða illa yfir því hvernig komið er fram við hann.
	Að allir starfsmenn þekki eineltisáætlun skólans og bókina Saman í sátt.	Starfsmenn lesi yfir eineltisáætlun skólans til upprifjunar og rifji upp efni bókarinnar *Saman í sátt.*	Janúar 2020 og framvegis í ágúst hvert ár	Kennarar/ skólastjórnendur/ náms- og starfsráðgjafi		
	Að öll samskipti nemenda séu jákvæð og uppbyggileg.	Fræðsla frá UT kennara til nemenda um samskipti á netinu. Umsjónarkennarar fjalla um samskipti með nemendum.	Skólaárið	UT kennari og umsjónarkennarar/ skólastjórnendur		
	Að kennarar fylgi eftir samskiptamálum og skrái niður aðgerðir.	Kennarar skrái hjá sér samskiptamál sem upp koma og aðgerðir.	Skólaárið	Kennarar/skóla-stjórnendur		

Nám og kennsla – ánægja nemenda af lestri

Markmið: Að nemendur Lindaskóla lesi sér til ánægju

Staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Ánægja af lestri (N1,1) 4,4* (landið 4,7) Marktækur munur (-0,3*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurningar sem mynda matsþátt**: • *Ég les bara þegar ég verð að gera það.* *Mjög sammála eða sammála 56,9% (landið 53,5%)* • *Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.** *Mjög sammála eða sammála 26,2% (landið 30,7%)* • *Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.** *Mjög sammála eða sammála 29,7% (landið 34,4%)* • *Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.* *Mjög sammála eða sammála 64,2% (landið 70,4%)* • *Lestur er tímasóun fyrir mi.g* *Mjög sammála eða sammála 22,7% (landið 20,8%)* • *Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.** *Mjög sammála eða sammála 45,1% (53,2%)*	Að kennarar og forráðamenn þekki lestrarstefnu skólans, m.a. er varðar mikilvægi heimalesturs.	Kennarar fylgi lestrarstefnu skólans og upplýsi forráðamenn um hana.	Skólaárið 2019-2020	Kennarar/ skólastjórnendur	Skóla-púlsinn vorið 2020	Að ánægja nemenda af lestri aukist á milli ára.
	Auka ánægjulegar lestrarstundir með yndislestri.	Byrja skóladaginn á yndislestri í öllum árgöngum eða finna þann tíma sem hentar.	Skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur		
	Að allir nemendur Lindaskóla fái tíma til yndislesturs á skólatíma.	Viðbótartími í íslensku hjá 9.-10. bekk til að hafa svigrúm til yndislesturs.	Haustið 2019	Kennarar/ skólastjórnendur		
	Auka ánægjulegar lestrarstundir.	Kennararar lesi fyrir nemendur í nestistíma í 1.-7. bekk. Tengja myndefni við lesturinn þar sem það á við.	Skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur		
	Auka ánægju nemenda af lestri með fjölbreytni.	Fjölbreytt lestrarverkefni.	Skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur		
	Auka fjölbreytni við lestur.	Kynna spjaldtölvur sem tæki til lestrar.	Skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur		
	Kynna nemendum áhugaverðar bækur.	Bækur mánaðarins kynntar á skólabókasafni og upplýsingaskjá skólans.	Skólaárið	Skólabókasafns-fræðingur/ skólastjórnendur		

Foreldrasamstarf

Markmið: Að gott samstarf sé á milli heimila og skóla

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (F4.2.) 48,7%* (landið 57,6%) Marktækur munur (-8,9%*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurning sem mynda matsþátt**: • *Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?* *Mjög mikil eða frekar mikil 48,7% (landið 57,6%)*	Að foreldrar/ forráðamenn geti haft áhrif á sértækar ákvarðanir sem eru teknar um þeirra börn.	Að starfsmenn skólans og foreldrar eigi samskipti þegar teknar eru ákvarðanir sem skipta miklu máli varðandi nám og líðan nemenda. Starfsmenn skólans skulu hafa frumkvæði að þessum samskiptum.	Skólaárið 2019-2020	Starfsmenn/ skóla-stjórnendur	Skólapúlsinn vorið 2021	Viðmiðið er að fá betri niðurstöður úr Skólapúlsinum vorið 2020.
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina (F4.3.) 48,7%* (landið 57,6%) Marktækur munur (-7,8%*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurningar sem mynda matsþátt**: • *Skólinn/kennarinn leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið mitt.* • *Ábendingar mínar eru teknar til greina.*	Að skólinn/ kennarar leiti eftir tillögum frá foreldrum/ forráðamönnum varðandi sértækar ákvarðanir sem tengjast börnum þeirra.	Að skólinn/kennarar eigi frumkvæði að því að afla upplýsinga frá foreldrum áður en sértækar ákvarðanir varðandi börnin þeirra eru teknar.	Skólaárið 2019-2020	Starfsmenn/ skóla-stjórnendur	Skólapúlsinn vorið 2021	Viðmiðið er að fá betri niðurstöður úr Skólapúlsinum vorið 2020.
	Að ábendingar frá foreldrum/ forráðamönnum varðandi ákvarðanir sem tengjast börnum þeirra fari í skilgreint ferli.	Að skilgreint verði ferli þegar fram koma ábendingar frá foreldrum í tengslum við ákvarðanir sem tengjast barninu sem feli í sér að foreldrar séu upplýstir um framvindu og ákvörðun kennara/skólastjórnenda varðandi ábendinguna.	Skólaárið 2019-2020	Starfsmenn/ skóla-stjórnendur	Skólapúlsinn vorið 2021	

Heimastuðningur

Markmið: Að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna

Umbótaþættir/staðan	Markmið með umbótum	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ ábyrgð	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið (F5.2.) 4,2* (landið 4,7) Marktækur munur (-0,5*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurning sem mynda matsþátt**: • *Ég veit hvernig ég get hjálpað barninu mínu að standa sig vel í skólanum.* • *Ég veit að ég næ vel til barnsins míns.* • *Mér gengur vel að hjálpa barninu mínu að læra.* • *Félagahópurinn hefur meiri áhrif á námsárangur barnsins míns en ég.*	Foreldrar hafi ákveðin tæki og tól sem auðveldar þeim að aðstoða börnin sín með heimanám.	Námsáætlanir séu skýrar og aðgengilegar og upplýsingar um efni til stuðnings fylgi með inni á Mentor og Google Classroom (5.-10.b).	Skólaárið 2019-2020	Kennarar/ skóla-stjórnendur	Skólapúlsinn vorið 2021	Viðmiðið er að fá betri niðurstöður úr Skóla-púlsinum vorið 2020.
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (F5.3.) 4,1* (landið 4,4) Marktækur munur (-0,3*) þ.e. að Lindaskóli er marktækt undir landsmeðaltali**.** **Spurningar sem mynda matsþátt**: Hve oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári? Barnið mitt bað mig að... • *...fylgjast með heimanámi sínu.* • *...mæta á viðburð í skólanum.* • *...tala við kennarann sinn.*	Að nemendum þyki sjálfsagt að biðja foreldra sína um að taka þátt í námi sínu.	Umræður heima og í skólanum um mikilvægi þess að nemendur leiti til foreldra sinna varðandi námið og hvetji þá til að koma í skólann þegar tækifæri gefast.	Skólaárið 2019-2020	Starfsmenn og foreldrar/ skóla-stjórnendur	Skólapúlsinn vorið 2021	Viðmiðið er að fá betri niðurstöður úr Skóla-púlsinum vorið 2020.